



Framkvæmda- fréttir 27. tbl. /08



Vegagerð á Framsveitarvegi (576) á Snæfellsnesi. Myndin er tekin 8. ágúst 2008.



Hreinn Haraldsson
vegamálastjóri skrifar

Vegaframkvæmdir

Staðan í nóvember

Sjá kort í opnu
og lista á bls. 6-8

Eins og fram hefur komið að undanförunu mun Vegagerðin samkvæmt tilmælum fjármálaráðuneytisins hvorki bjóða út né ganga til samninga vegna nýrra framkvæmda að svo stöddu þar til áætlanir um ríkisfjármálin hafa verið endurskoðaðar. Þetta er tímabundið ástand vonum við, eða þar til ný fjárlög hafa verið lögð fram og samþykkt. Það er því ljóst að ýmsum framkvæmdum mun seinka miðað við áætlanir, en hversu mikið er útilokað að segja til um á þessari stundu. Það ræðst af niðurstöðu fjárlagavinnunnar fyrir næsta, eða næstu ár. Þó má telja nokkuð víst að draga muni töluvert úr nýframkvæmdum á næstunni. Það má einnig reikna með að leitast verði við að

forgangsráða verkefnum á annan hátt, og horfa meira til mann-
aflafrekra verkefna og smærri verka.

Vegagerðin vill reyna að tryggja að efnahagsástandið komi sem minnst niður á þjónustu við vegfarendur og viðhaldi vega. Það er nauðsynlegt að gera fólki kleift að nota það vegakerfi sem búið er að byggja upp, bæði sumar og vetur, og tryggja þarf að sú mikla eign sem liggur í vegakerfinu rými ekki með ónógu viðhaldi.

En þrátt fyrir þrengingar er víða unnið að vegagerð á landinu þessa dagana, eins og sést vel í Framkvæmdafréttum að þessu sinni. Vegagerðin mun standa við alla þá samninga sem þegar er búið að gera varðandi framkvæmdir víða um land og sem sjá má á meðfylgjandi korti, og engin seinkun eða frestun verður á þeim vegna efnahagsástandsins. Sjaldan hefur verið unnið að jafnmörgum verkefnum samtímis og nú er, þannig að þótt um tímabundna frestun nýrra verkefna verði að ræða er það ekki þannig að vegagerð í landinu hafi verið stöðvuð. En það er jafnframt ljóst, að íbúar og vegfarendur um allt land óska þess að vinna við þau verk sem ekki hafa komist af stað að undanförunu og önnur sem eru á áætlun hefjist eins fljótt og nokkur kostur er.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 27. tbl. 16. árg. nr. 512 17. nóv. 2008

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar
Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðs-
framkvæmdir fyrir verkþökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt,
útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum
og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni
sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til
verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og
fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Öryggisendar sem virka
Sifellt aukin áhersla á umferðaröryggi

Öryggisendi á vegriði við vegamót Reykjanesbrautar og Grindavíkurvegjar.

Um nokkurt skeið nú hafa verið settir upp öryggisendar á vegrið þar sem þau byrja í stað þess að leiða vegriðin á ská ofan í jörðina. Þetta er gert þar sem endarnir eru öruggari en þeir eru töluvert dýrari lausn.


Á myndum sem fylgja má sjá hvernig þessir öryggisendar virka en í fyrsta snjónum um daginn rak snjóruðningstæki tönnuna í einn endann á Reykjanesbrautinni með þeim afleiðingum að endinn gekk saman. Öryggisendinn virkaði nákvæmlega

Héðinsfjarðargöng

Gröftur Héðinsfjarðarganga hefur gengið vel undanfarnar vikur. Frá Héðinsfirði til Ólafsfjarðar voru sprengdir 51 m í viku 43, 50 m í viku 44 en hlé var gert í viku 45 og unnið við endanlegar bergstyrkingar í göngunum milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar. Frá Héðinsfirði til Ólafsfjarðar var lengd ganga um 1.467 m mánudaginn 10. nóvember. Frá Ólafsfirði til Héðinsfjarðar voru sprengdir 64 m í viku 43, 38 m í neyðarútskoti í viku 44 og 50 m í viku 45. Lengd ganga þeim megin var um 4.070 m. Samtals er búið að sprengja 9.177 m eða tæp 87% af heildarlengd og eftir eru því alls 1.393 m.

Bolungarvíkurgöng

Gröftur Bolungarvíkurgönga hefur gengið vel undanfarnar vikur. Frá Hnífsdal voru sprengdir 47 m í viku 43, 59 m í viku 44 og 41 m í viku 45. Þar var lengdin 311 m mánudaginn 10. nóvember. Frá Bolungarvík voru sprengdir 60 m í vikur 43, 73 m í viku 44 og 53 m í vikur 45 og var lengd þar 542 m í vikulokin. Samtals var því búið að sprengja 853 m eða 16,5% af heildarlengd ganganna.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 10. nóv. 2008. Sprengingum frá Siglufirði til Héðinsfjarðar lauk 21. mars 2008.



Öryggisendi á vegriði við Reykjanesbraut.
Stoðirnar slitna frá festingu við jörð við áreksstur.



eins og hann á að gera enda slapp bílstjórinn við öll meiðsl nema á sálinni kannski en tönnin skemmdist lítillega.

Það er líklegt að svona búnaður verði notaður í vaxandi mæli í framtíðinni.

Þessi frétt birtist á vegagerdin.is 24.10.2008



Vikor Arnar Ingólfsson
ritstjóri skrifar

Útgáfa Framkvæmdafrétta á næstunni


Útgáfa Framkvæmdafrétta miðast við útboðsauglýsingar og fréttir tengdar þeim. Fyrirsjáanlegt er að minna verður um slíkt á næstunni en t.d. á fyrrihluta þessa árs þegar blaðið kom út nánast vikulega. Áskrifendur geta því reiknað með að lengra verði á milli tölublaða en áður. Alltaf er hægt að sjá síðasta tölublað á vef Vegagerðarinnar, vegagerdin.is, þannig að áskrifendur geta fylgst með stöðunni. Á forsíðu vefsins eru stöðugt uppfærðar fréttir af málum sem viðkoma vegagerð.

Hætt við útboð


Rangárvallavegur (264), Hringvegur – Akurbrekka 08-034

Ákveðið hefur verið að hætta við útboð á verkinu Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Akurbrekka, sem auglýst var í 26. tölubl. Framkvæmdafrétta, 27. október 2008.

Er það samkvæmt tilmælum fjármálaráðuneytisins um að hvorki verði boðið út né gangið til samninga vegna nýrra framkvæmda að svo stöddu



Bolungarvíkurgöng 10. nóvember. Lengd frá Bolungarvík 542 m., frá Hnífsdal 311 m. Samtals 853 m eða 16,5% af heildarlengd.




Búið er að sprengja 1.467 m í Héðinsfirði og 4.070 m í Ólafsfirði. Samtals 9.177 m sem er 87 % af heildarlengd.

Vegaframkvæmdir sem unnið hafa verið Staða í nóvember 2008



mið er að



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaíðdar. **Rautt númer = nýtt á lista**

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|--------------------------------|
| 07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit | |
| 08-011 Kísilvegur (87) á Hólásandi | |
| 08-051 Keflavíkurvegur (424), Reykjanesbraut - Njarðarbraut | |
| 08-055 Reykjanesbraut (41), undirgöng við Hafnaveg | |
| 08-016 Hringvegur (1) um Blönduós | |
| 08-052 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur | |
| 07-089 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur | |
| 08-060 Arnarnesvegur (411), Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut, hönnun | |
| 06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell | |
| 08-054 Hringvegur (1), Norðlingavað - Nesbraut | |
| 07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur | |
| 08-082 Hörgárdalsvegur (815), 2. áfangi Skriða - Björg | |
| 08-062 Kjósarskarðsvegur (48), Meðalfellsvegur - Þingvallavegur | |
| 08-015 Strandavegur (643) í Bjarnarfirði | |
| 08-033 Hringvegur (1) um Hornafjarðarfliót | |
| 08-021 Vestfjarðavegur (60), Gufudalssveit | |
| 08-042 Breikkun Hringvegur (1) á Norðvestursvæði 2008-2009, 1. áfangi | |
| 08-032 Bræðratunguvegur (359) um Hvítá | |
| 08-026 Reykjabraut (724), Hringvegur - Svínvetningabraut | |
| 08-022 Vestfjarðavegur (60), Kjálkafjörður - Vatnsfjörður | |



Víkor Arnar Ingólfsson
ritstjóri skrifar

Nýtt yfirlit

„Yfirlit yfir útboðsverk“ er listi sem hefur birst í blaðinu frá upphafi lítið breyttur. Þar hefur verið getið um fyrirhuguð útboð og síðan færast þau niður listann

eftir auglýsingu, opnun og loks samning. Þar með hafa verkin horfið af lista þótt framkvæmdir séu rétt að hefjast. Nú höfum við ákveðið að bæta við lista yfir útboðsverk sem eru í vinnslu. Enn fremur munum við skjóta inn í listann stuttum fréttum af gangi verka eftir því sem tilefni gefst. Allt verður þetta á tilraunastigi til að byrja með og hætt við einhverri ónákvæmni í fyrstu. Það er óvíst hvort listinn birtist í hverju blaði en það mun allt koma í ljós. Vetrarþjónustuverk sem samið er um til margra ára verða ekki á listanum. Ekki heldur rekstur ferjuleiða og almenningsamgöngur.

| Fyrirhuguð útboð, framhald | Auglýst: |
|--|----------|
| 08-085 Laxárdalsvegur (59) | |
| 08-036 Suðurstrandarvegur (427), Ísólfskáli - Krýsuvíkurvegur | |
| 08-009 Hófaskarðsleið, Raufarhafnartenging | |
| 08-008 Hringvegur (1), breikkun í Öxnadal | |
| 08-005 Hringvegur (1), Litla Sandfell - Haugaá | |
| 08-012 Norðausturvegur (85), Bunguflooi - Vopnafjörður | |

Auglýst útboð dregið til baka

08-034 Rangárvallavegur (264),
Hringvegur - Akurbrekka

| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
|---|----------|----------|
| 08-084 Borgarfjarðarvegur (94), Lagarfossvegur - Sandur | 22.09.08 | 07.10.08 |
| 08-077 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur, hönnun | 28.07.08 | 02.09.08 |

Samningum lokið

Ekki hefur verið samið um verk frá því síðasta blað kom út

Verk í vinnslu

Samningsverk í vetrarþjónustu, ferjurekstri og almenningsamgöngum eru ekki á þessum lista.

| Verk í vinnslu | Samið: | Verklök |
|---|----------|----------|
| 08-025 Vatnsdalsvegur (722), Hof - Hjallaland <i>Sigurjón Hjartarson</i> Unnið verður að fyllingum á sigsvæðum fram að áramótum | 13.10.08 | 01.08.09 |
| 07-084 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur <i>KNH ehf.</i> Verktaki hyggst hefja framkvæmdir í nóvember | 19.09.08 | 15.09.11 |
| 08-057 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur, eftirlit <i>Almenna verkfræðistofan hf.</i> | 09.09.08 | 15.09.11 |
| 06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss <i>Árni Helgason ehf.</i> Framkvæmdir hófust í byrjun október 2008 | 12.09.08 | 01.10.09 |
| 07-012 Skagavegur (745) um Króksbjarg <i>Fjörður ehf.</i> Framkvæmdir liggja niðri til vors 2009 | 02.09.08 | 15.07.09 |
| 08-066 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð, eftirlit <i>Strendingur ehf.</i> | 02.09.08 | 01.09.10 |
| 08-080 Hlíðarendavegur í Ölfusi (380) <i>Háfell ehf.</i> Lokið er neðra lagi klæðingar. Ekki verður unnið við verkið í vetur | 14.08.08 | 01.07.09 |
| 08-010 Hringvegur (1), Valtýskambur - Sandbrekka <i>Háfell ehf.</i> Unnið við fyllingu og bergskeringu | 20.08.08 | 15.10.09 |
| 08-018 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði, Egilsskarð - sæluhús <i>KNH ehf.</i> Unnið er við fyllingu á skeringu á háheiðinni | 23.07.08 | 15.09.09 |
| 08-072 Örnólfsdalsá hengibrú, stálmíði <i>Gísli Þorgeir Einarsson</i> | 25.07.08 | 21.11.08 |

| Verk í vinnslu, framhald | Samið: | Verklok |
|--|----------|----------|
| 08-007 Illugastaðavegur (833), slitlagsendi - Illugastaðir <i>Arni Helgason, Ólafsfirði</i> Unnið er við fyllingu, skeringu og ræsagerð | 25.07.08 | 01.07.09 |
| 08-063 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð <i>Suðurverk hf.</i> Unnið er að fyllingum á Bakkafjöruvegi og undirbúningi brúar á Ála. Námuvegur vegna grjótnáms til hafnargerðar er á lokastigi | 14.08.08 | 01.07.10 |
| 08-059 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvamsvegur, hönnun <i>Verkfræðistofan Hnit hf.</i> | 04.07.08 | 22.12.08 |
| 08-070 Hringvegur (1), Skarhólabraut - Hafravatnsvegur, hönnun <i>VSÓ ráðgjöf ehf.</i> | 02.07.08 | 21.11.08 |
| 07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Pingvallavegur - Laugarvatnsvegur <i>Klæðning ehf.</i> Verið að keyra úr skeringum í veginn. Einnig unnið að slóða að námu. | 04.07.08 | 15.10.10 |
| 08-056 Lyngdalsheiðarvegur (365), eftirlit <i>VSÓ - ráðgjöf ehf.</i> | 23.06.08 | 15.10.10 |
| 08-019 Vestfjarðavegur (60) um Tunguá <i>Jóhann Á. Guðlaugsson ehf.</i> Unnið er að lokafrágangi | 18.06.08 | 01.10.08 |
| 08-064 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilstaðaveg, eftirlit <i>Línuhönnun hf.</i> | 23.06.08 | 10.07.09 |
| 08-029 Efnisvinnsla Suðursvæði 2008 <i>Fossvélar ehf.</i> | 13.06.08 | 31.12.08 |
| 08-035 Festun og yfirlögn á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2008-2009 <i>Ræktunarsamband Flóa og Skeiða</i> | 12.06.08 | 01.09.09 |
| 08-069 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið, Fremri-Háls - Sævarland <i>Héraðsverk ehf.</i> Lokið við klæðingu á fyrri áfanga verksins, 4 km. Unnið er að fyllingum á síðari áfanga | 13.06.08 | 15.07.09 |
| 07-086 Strandavegur (643), Geirmundarstaðavegur - Hálsgrata <i>Skagfirskir verktakar</i> Lögn klæðingar frestað til vors 2009 | 03.06.08 | 15.07.09 |
| 08-050 Grassláttur á Suðvestursvæði 2008-2010 <i>Hrafn Magnússon</i> | 26.05.08 | 01.09.10 |
| 08-043 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2008-2009 <i>Borgarverk ehf.</i> | 22.04.08 | 01.09.09 |
| 08-053 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilstaðaveg <i>Ris ehf. Glaumur verktakafélag ehf.</i> Brúargólf var steypt 6. nóvember og er ætlað að gatnamótin verði tilbúin til umferðar í desember | 08.05.08 | 10.07.09 |
| 08-058 Reykjanesbraut (41), breikkun, Strandarheiði - Njarðvík, endurútboð <i>Ístak hf.</i> Kafliinn var opnaður fyrir umferð 19. október | 02.05.08 | 01.06.09 |
| 07-085 Óshlíðargöng, eftirlit <i>Línuhönnun hf., Geotek</i> | 08.04.08 | 15.07.10 |

| Verk í vinnslu, framhald | Samið: | Verklok |
|---|----------|----------|
| 07-062 Óshlíðargöng <i>Íslenskir aðalverktakar, Marti Contractors</i> Unnið var við jarðgangagröft og byggingu brúar á Ósá. | 08.04.08 | 15.07.10 |
| 08-041 Yfirborðsmerkingar, vegmálun 2008-2010 <i>Vegmerking ehf.</i> | 11.03.08 | 01.09.10 |
| 07-088 Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls <i>Suðurverk hf.</i> Vinna liggur niðri. | 05.02.08 | 01.10.09 |
| 07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit <i>Almenna verkfræðistofan hf.</i> | 11.02.08 | 10.07.09 |
| 07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg <i>Suðurverk hf.</i> Uppsteypu mannvirkja og malbikun er lokið og unnið er við merkingar. Gert er ráð fyrir að gatnamótin verði opnuð fyrir umferð í lok nóvember | 25.01.08 | 10.07.09 |
| 07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói <i>Suðurverk hf.</i> Unnið við fyllingu og neðra burðarlag. Ekki ljóst hve lengi verður unnið í vetur vegna veðurfars | 20.12.07 | 01.11.08 |
| 06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn <i>Skagfirskir verktakar</i> Vegurinn var opnaður fyrir umferð 9. október. Unnið að lokafrágangi | 12.12.07 | 01.11.08 |
| 07-087 Vestfjarðavegur (60), Hofstaðavegur - Þorskaðarvegur <i>KNH ehf.</i> Neðra burðarlagi lokið og unnið að grjótvörn. Verklokum frestað. | 30.11.07 | 01.07.09 |
| 07-030 Skeiða- og Hrunamanna-vegur (30), Skipholt - Foss <i>Borgarvirki ehf.</i> Verklokum frestað. Unnið við efra burðarlag og stefnt að lögn neðra lags klæðingar á hluta vegarins | 07.11.07 | 15.06.09 |
| 07-065 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg, eftirlit <i>VSÓ ráðgjöf ehf.</i> | 12.07.07 | 15.07.08 |
| 06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið <i>Héraðsverk ehf.</i> Unnið hefur verið að gerð fyllingar austan Ormarsár og við byggingu brúar á Ormarsá. Óljóst hve lengi verður unnt að vinna að verkinu vegna veðurfars. | 16.07.07 | 01.11.09 |
| 07-005 Hringvegur (1), Grafarkot - Hraunsnef <i>KNH ehf.</i> | 08.06.07 | 01.10.09 |
| 07-006 Djúpvvegur (61), Eyri - Svansvík <i>KNH ehf.</i> Verki er nánast lokið. Unnið að lokafrágangi | 05.05.07 | 01.11.08 |
| 06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvvegur <i>Ingileifur Jónsson ehf.</i> Unnið að fyllingum og neðra burðarlagi í Arnkötuldal. | 20.04.07 | 01.09.09 |
| 06-024 Djúpvvegur (61), Reykjanes - Hörtná <i>KNH ehf. og Vestfirskir verktakar ehf.</i> Mjóafjarðarbrú: Unnið í langbitum Steypu á brúardekki frestað til vors. | 25.01.07 | 01.11.08 |

framhald á baksíðu

| Verk í vinnslu, framhald | Samið: | Verklok |
|---|----------|----------|
| 06-030 Útnesvegur (574), Háahraun - Saxhóll <i>Stafnafell ehf.</i> Eftir talsverður frágangur og er vinna við frágang að hefjast að nýju. Tvöföld klæðing komin á 11,3 km. og einföld á 5,6 km. | 26.01.06 | 15.07.09 |
| 06-048 Vestfjarðavegur (60), Skálanes - Eyri <i>KNH ehf.</i> Verki er að ljúka. Unnið að lokafrágangi | 08.12.06 | 01.11.08 |
| 07-005 Hringvegur (1), Ámótasel - Skjöldólfsstaðir <i>Héraðsverk ehf.</i> Lokið er gerð neðra burðarlags og hefur umferð verið sett á veginn í vetur | 01.02.07 | |
| 05-035 Héðinsfjarðargöng <i>Háfell ehf. og Metrostav a.s.</i> Unnið er að jarðgangagreftri frá Ólafsfirði til Héðinsfjarðar og lokastyrkingum milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar. | 20.05.06 | 10.12.09 |
| 05-035 Héðinsfjarðargöng, eftirlit <i>Geotek ehf.</i> | 28.04.86 | 10.12.09 |
| 07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svinadalsvegur <i>Borgarverk ehf.</i> Unnið er að frágangi. Lokið er neðra lagi klæðingar en efra lag verður lagt vorið 2009 | 02.04.08 | 15.09.08 |

| Verk í vinnslu, framhald | Samið: | Verklok |
|--|----------|----------|
| 07-008 Miðfjarðavegur (704), Laugarbakkí - Hringvegur <i>Guðmundur Vilhelmsson</i> Unnið er að frágangi og uppsetningu vegriðs | 19.10.07 | 15.07.08 |
| 08-074 Vallarvegur (263), Fljótshlíðarvegur - Kotvöllur <i>Heflun ehf.</i> Neðra burðarlag er grófjafnað. Framkvæmdum hætt í vetur | 11.07.08 | 15.09.08 |
| 08-078 Heiðarbraut (3357) og Gnúpverjavegur (325) <i>Mjöllnir vörubílstjórafélag</i> Lokið er neðra lagi klæðingar. Ekki verður unnið við verkið í vetur | 29.07.08 | 15.09.08 |
| 08-073 Grafningsvegur efri (360) um Úlfjótssvatn <i>Sigurjón Hjartarson</i> Lokið er neðra lagi klæðingar. Ekki verður unnið við verkið í vetur | 12.08.08 | 20.09.08 |
| 08-004 Dagverðareyraryvegur (816) Hringvegur - Helluland <i>G. V. Gröfur ehf.</i> Lokið er neðra lagi klæðingar. Ekki verður unnið við verkið í vetur | 26.05.08 | 01.08.08 |
| 08-002 Hörgárdalsvegur (815) Björg - Skriða <i>Arni Helgason ehf.</i> Lokið er neðra lagi klæðingar. Ekki verður unnið við verkið í vetur | 09.06.08 | 01.09.08 |

Verk sem ekki næst að klára fyrir veturinn eins og fyrirhugað var

Djúpvvegur (61), Ísafjörður - Mjóifjörður

Þessu verki átti að vera lokið fyrir 1. nóvember sl. Það er hins vegar ljóst að smíði brúarinnar yfir Mjóafjörð hefur tafist og verður smíðinni ekki lokið fyrr en næsta sumar. Enn er unnið að brúarsmíðinni en vinnu verður hætt á allra næstu vikum en mun hefjast aftur í vor um leið og tíðarfar leyfir. Vegurinn frá vegamótum við Eyrarfjall í Ísafirði og að Mjóafjarðarbrú ásamt brúnum í Reykjarfirði og Vatnsfirði er fullbúinn til notkunar með bundnu slitlagi alla leið.

Tröllatunguvegur (605) (Arnkötludalur)

Samkvæmt útboðsgögnum á útlögn á neðra burðarlagi að vera lokið fyrir 1. desember nk. Frágangur á neðra burðarlaginu á að vera þannig að hægt sé að heimila umferð yfir veturinn. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort umferð verði leyfð í vetur. Ýmislegt mælir á móti því að opna veginn og þá



Brúargerð í Mjóafirði 22. október 2008. Mynd: Sveinn Lyngmó

fyrst og fremst umferðaröryggismál þar sem ekki verður búið að koma fyrir vegriðum auk þess sem erfitt yrði með vetrarþjónustuna. Um þetta verður þó tekin ákvörðun fljótlega.

Um framhaldið er það að segja að skv. útboðsgögnum að vera komið fyrra lag klæðingar fyrir 15. júlí á næsta ári og þá á að leyfa almenna umferð á veginn. Verkinu á síðan að vera að fullu lokið fyrir 1. september 2009. Ekkert bendir enn þá til að þessar dagsetningar standist ekki.

Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói

Verkinu átti að ljúka 1. nóvember. Samkomulag er um við verktaka að vegna þess að ekki var hægt að hefja verk fyrir en 1. júní sl. vegna snjóá, skyldi stefnt að því að vegurinn yrði akfær með burðarlagi í vetur og bundið slitlag lagt snemmsumars 2009. Búið að keyra út tæplega helmingnum af burðarlaginu. Enn er óljóst hvort tekst að koma umferðinni á veginn í haust en til þess að það geti orðið þarf tíðarfarið að vera gott í 2-3 vikur.

Hringvegur (1), Ámótasel – Skjöldólfsstaðir

Verkinu átti að ljúka 1. ágúst sl. Vegna erfiðra aðstæðna, snjóá og bleytu sl. vor var gert samkomulag við verktaka að vegurinn yrði fær með burðarlagi fyrir veturinn og bundið slitlag lagt snemmsumars 2009. Neðra burðarlag er komið á veginn og var umferð var hleypt á hann 18. október. Eftir að ganga endanlega frá tengingum í báða enda vegarins og verður það gert næsta vor. Búið er að stika veginn og reiknað með að setja upp vegrið á ca 1 km á næstunni.

Þessi frétt birtist á vegagerdin.is 06.11.2008